

### ***Velferðarráðsfundur 13. nóvember 2019***

#### 17. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Flokkur fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um heildarkostnað Reykjavíkurborgar af því ef ekki yrði tekið mið af auknum tekjum lífeyrisþega sem rekja má til þess að dregið var úr skerðingum á sérstakri uppbót á lífeyri með lagabreytingum í sumar. Hér er verið að tala um að Félagsbústaðir geri engar breytingar á upphæð húsnæðisstuðnings þessa hóps heldur héldist hann óbreyttur þann tíma sem um ræðir. Forsaga málsins er sú að í sumar var lögum breytt um félagslega aðstoð og lögum um almannatryggingar, þar sem dregið var úr tekjutengingu sérstakrar uppbótar. 65% af tekjum örorkuþega hafa nú áhrif á útreikning sérstakrar uppbótar í stað 100 prósentu. Breytingar gilda frá áramótum en voru lögfestar á miðju ári og því fengu öryrkjar leiðréttinguna greidda afturvirk 1. ágúst síðastliðinn. Afleiðingar urðu þær að leiga fjölmargra öryrkja hækkaði umtalsvert og hafa því þær auknu tekjur sem frumvarpið skilar örorkulífeyrisþegum þurrkast út vegna þess að Félagsbústaðir skerða húsnæðisstuðning til leigjenda vegna aukinna tekna.

Vísað til velferðarsviðs.